

## GJALDSKRÁ

### fyrir stofngjald fráveitu og fráveitugjald í Vesturbyggð.

#### 1. gr.

Sveitarfélagið Vesturbyggð innheimtir gjald fyrir fráveitu í sveitarfélaginu skv. gjaldskrá þessari og samþykkt nr. 776/2003 um fráveitur í Vesturbyggð.

#### 2. gr.

Stofngjald fráveitu skal innheimta af öllum fasteignum sem tengjast fráveitu í eigu Vesturbyggðar. Gjaldið skal álagt og innheimt við veitingu byggingarleyfis og vera sem hér segir á hverja tengingu:

| <i>Tegund byggingar</i>                | <i>Grunngjald</i> | <i>m<sup>3</sup>-gjald</i> | <i>Athugasemd</i>            |
|--|-------------------|----------------------------|------------------------------|
| A. Íbúðarhúsnæði, verslun og þjónusta  | 67.343 kr.        | 45 kr.                     | af umfram 400 m <sup>3</sup> |
| B. Iðnaðar-, atvinnu- og annað húsnæði | 89.790 kr.        | 45 kr.                     | af umfram 400 m <sup>3</sup> |

#### 3. gr.

Hverjum þeim sem á hús eða húshluta í Vesturbyggð eða leigir lóð í sveitarfélaginu við götu eða opið svæði sem fráveita hefur verið lögð í ber að greiða árlegt fráveitugjald til sveitarsjóðs.

Upphæð fráveitugjaldsins ákvarðast af bæjarstjórn Vesturbyggðar árlega við álagningu fasteignagjalda og er nú 0,40% af fasteignamati íbúðarhúsa og -lóða og 0,40% af fasteignamati annars húsnæðis og lóða samkvæmt lögum um skráningu og mat fasteigna nr. 94/1976 með síðari breytingum. Sé ekkert mannvirki á lóð greiðast ekki fráveitugjöld.

#### 4. gr.

Fráveitugjald greiðist af hús- og íbúðareiganda, lóðareiganda ef um eignarlóð er að ræða, en af leigutaka ef um leigulóð er að ræða og bera þessir aðilar ábyrgð á greiðslu gjaldsins. Fráveitugjaldið nýtur aðfararheimildar skv. 3. ml. 16. gr. laga um uppbyggingu og rekstur fráveitna nr. 9/2009, sbr. 10. tl. 1. mgr. laga um aðför nr. 90/1989, og má gera aðför í hinni gjaldskyldu eign án tillits til eigendaskipta. Fráveitugjaldið nýtur lögveðsréttar í lóð og mannvirkjum næstu tvö árin eftir gjalddaga með forgangsrétti fyrir hvers konar sammingsveði og aðfararveði.

#### 5. gr.

Bæjarstjórn Vesturbyggðar getur samþykkt að fella niður eða lækka fráveitugjald hjá tekjulitlum elli- og örorkulífeyrisþegum samkvæmt heimild í 4. mgr. 15. gr. laga um uppbyggingu og rekstur fráveitna nr. 9/2009.

#### 6. gr.

Gjalddagar fráveitugjalds eru þeir sömu og gjalddagar fasteignaskatts og greiðist með fasteignasköttum.

Gjaldskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt 1. mgr. 15. gr. laga um uppbyggingu og rekstur fráveitna nr. 9/2009 og skv. 25. gr. laga um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum, til þess að öðlast gildi við birtingu. Frá sama tíma fellur úr gildi gjaldskrá nr. 648/2015 fyrir stofngjald fráveitu og fráveitugjald í Vesturbyggð.

*Vesturbyggð, 9. desember 2015.*

**Ásthildur Sturludóttir** bæjarstjóri.